

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-frí	Samþykkt styrkupphæð
1	Ægisborg, Gullborg, Grandaborg, Laugasól, skrifstofa skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Menntavísindasvið Háskóla Íslands	Leikur, nám og gleði	Markmið þróunarverkefnisins árið 2026–2027 er að styrkja sjálfbæra sameiginlega leikmenningu kennara og barna í þáttökuleikskólum. Verkefnið byggir á þeirri sýn að leikur sé meginnámsleið barna og grundvöllur vellíðanar, tengslamyndunar og lýðræðislegrar þátttöku í leikskólasamfélagi. Áhersla verður lögð á að festa í sessi starfshætti sem styðja sjálfsprottinn leik á forsendum barna og markvissa þátttöku kennara í leik þegar við á. Uppeldisfræðilegar skráningar á leik barna verða nýttar sem virkt tæki til ígrundunar, greiningar og þróunar leikmenningar, fremur en eingöngu lýsandi skráningar.	5.000.000	Leik	4.000.000
2	Suðurmiðstöð, Austurmiðstöð, Norðurmiðstöð, Vesturmiðstöð, skrifstofa leikskólamála SFS, Stjórnýsla gögn og gæði SFS, Menntavísindasvið Háskóla Íslands	Skólanámskrá, starfsáætlun og innra mat leikskóla Reykjavíkurborgar	Helstu markmið þróunarverkefnisins eru að styrkja skólanámskrá leikskóla sem lifandi skjal, efla innra mat sem lærdóms- og umbótaferli og skapa sameiginlegan vettvang fagstjóra og leikskólastjóra til samræðu, ígrundunar og þróunar starfsins. Verkefnið miðar að því að tengja skólanámskrá, innra mat og starfsáætlun með markvissum hætti þannig að þessi skjöl styðji við daglegt starf, faglega forystu og umbótamiðaða menningu í leikskólum Reykjavíkurborgar.	8.000.000	Leik	4.000.000
3	Hólabrekkuskóli, Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Seljaskóli, Ölduselsskóli og Háskóli Íslands	Starri (Starling) markviss orðaforðakennsla	Helsta markmið með innleiðingu á Starra (Starling) er að færa kennurum og nemendum raunprófaða kennsluaðferð sem kennarar geta beitt til að auka markviss orðaforða nemenda, bæði þeirra sem vilja dýpka þekkingu á íslensku sem og þeirra sem hafa íslensku sem annað mál. Í menntastefnu Reykjavíkurborgar er áhersla á fagmennsku kennara og samstarf, með þessu verkefni eru 5 grunnskólar að vinna saman að sameiginlegu markmiði, stuðla að lærdómssamfélagi og efla um leið fagmennsku kennara með því að færa þeim raunprófaðar kennsluaðferðir þar sem hægt er að mæla árangur.	8.000.000	Grunn	6.000.000
4	Foldaskóli, Eypór Eðvaldsson vinnustaðasálfræðingur ráðgjafarþj., Guðný Reynisdóttir mannauðsráðgjafi SFS, Sunneva Jörundsóttir lýðheilsufræðingur	Vellíðan starfsfólks - sterkari skóli	Markmið verkefnisins er að efla faglegt samstarf og sameiginlega sýn starfsfólks með markvissri mannauðsþróun. Lögð er áhersla á að styrkja samskipti, skýra verkferla og auka öryggi í faglegu starfi með stuðningi vinnustaðasálfræðings. Jafnframt er mikilvægt að starfsfólk vinni í góðri samvinnu og hafi sameiginlegan skilning á þeim verkefnum og áherslum sem eru fyrirhuguð í skólastarfi Foldaskóla á næstu misserum. Með auknu samræmi í starfsháttum skapast betri forsendur til að innleiða þróunarverkefni og halda utan um breytingar í starfi.	6.000.000	Grunn og Frí	0
5	Langholtsskóli, Mixtúra, Nýsköpun og þróun SFS, skrifstofa frístundamála SFS, Þverfaglegur teymisstjóri SFS, skrifstofa leikskólamála SFS, Menntavísindasvið HÍ, Leikskólinn Rauðaborg, Frístundamiðstöðin Brúin, Frístundamiðstöðin Tjörninn, Laugarnesskóli, Langholtsskóli	Stafræn borgaravitund-Heildræn innleiðing hjá leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi Reykjavíkur	Markmiðið er að allt það fólk sem kemur að uppeldi barna, fagfólk og foreldrar verði meðvitaðra um þær áskoranir sem það hefur í för með sér að vera stafrænn borgari. Verkefnið gengur út á innleiða stafræna borgaravitund á markvissan og heildstæðan hátt hjá leik- og grunnskólum ásamt frístundastarfi Reykjavíkur. Menntun í stafrænni borgaravitund felur í sér grunnþátt menntunar sem snýr að lýðræði og mannréttindum í stafrænum heimi.	4.700.000	Leik, grunn og frí	4.000.000

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-frí	Samþykkt styrkuppþæð
6	Suðurmiðstöð, Seljahlíð, Hálsaskógur, Gerðuberg, Hraunborg og Listaháskóli Íslands	Kynslóðir tengjast	Helstu markmið eru samstarf og félagsleg tenging á milli kynslóða. Þau endurspeglar markmið menntastefnunnar út frá mörgum þáttum en áherslan er á tengingu á milli kynslóða sem veita lífsgleði í lífi og starfi. Unnið er með marga þætti menntastefnunnar í gegnum verkefnið en almennar aðgerðir eru m.a að: Auka fjölbreytni starfs- og kennsluhátta, Auka hreyfingu barna í leikskóla, skapa vettvang og tækifæri fyrir aukna félagsfærni, tengslamyndun og eflandi samskipti með því að hlúa að óformlegum samskiptum, styrkja færni leikskólabarna í að lesa í aðstæður og styðja starfshætti sem stuðla að flæði í námi.	4.000.000	Leik	0
7	Húsaskóli, Leikskólinn Brekkuborg, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri	Ungir leikskólaliðar	Markmið verkefnisins eru tvíþætt: Annars vegar snúa þau að þroska og valdeflingu nemenda og hins vegar að heilðrænum ávinningi fyrir skólasamfélagið allt. Með þessu er tryggt að verkefnið styðji ekki aðeins við nám og vöxt þátttakenda heldur einnig við jákvæða skólamenningu og menntastefnu beggja skóla.	6.000.000	Grunn og leik	0
8	Fristundamiðstöðin Tjörnin, Íþróttfræðideild HÍ, Fristundaheimilin Eldflaugin, Halastjarnan, Frostheimar, Selíð, Undraland, Draumaland, Skýjaborgir, 100og1, 105, Frosti, Gleðibankinn, Hinsegin félagsmiðstöð og Frostheimar	Aukin hreyfing í daglegu frístundastarfi starfsstaða Tjarnarinnar	Helstu markmið verkefnisins eru að auka hreyfingu og þar með heilsu og betri líðan barna og unglinga í Miðbæ, Vesturbæ og Hlíðum. Starfsstaðir Tjarnarinnar eru: 100og1, 105, Frosti, Gleðibankinn, Hinsegin félagsmiðstöð, Frostheimar, Draumaland, Undraland, Skýjaborgir, Halastjarnan og Eldflaugin. Þá viljum við jafnframt efla hvern starfsstað fyrir sig til að finna lausnir til að auka daglega hreyfingu í starfsemi sem hentar. Lögð verður sérstök áhersla á miðborgina þar sem hreyfing barna og unglinga er minni en annars staðar.	4.500.000	Frí	4.000.000
9	Suðurmiðstöð, Leikskólar í Breiðholti, Grunnskólar í Breiðholti, Fristundaheimili í Breiðholti, Mennta- og barnamálaráðuneytið, Háskóli Íslands og Miðja máls og læsis	LÆM -Læsi allra mál	LÆM verkefnið skilar mikilvægum ávinningi fyrir Breiðholt með því að stuðla að bættum málþroska og auknu læsi barna í hverfinu. Með þróun skólustarfs, meðal annars í gegnum innleiðingu verkferla um snemmtæka íhlutun og stuðning við gagnreyndrar kennsluáðferðir á báðum skólastigum og verða kennsluhættir markvissari og skilvirkari. Jafnframt stuðlar verkefnið að aukinni samfelli á milli leik-, grunnskóla og frístundastarfs, og styrkir meðvitund innan hverfisins um mikilvægi þess að efla málumhverfi barna allan daginn, bæði á skólatíma og innan veggja heimilisins	8.000.000	Leik, grunn og frí	6.000.000
10	Grandaskóli, Rimaskóli, Laugarnesskóli, Austurmiðstöð, Fristundaheimilið Undraland, Mixtúra og Menntavísindasvið, Nýmennt Háskóli Íslands	Hugsmiðja - Hugsandi skólasamfélag - Framhaldsverkefni	Verkefnið felur í sér nýja nálgun á skólabókasöfn og kennsluhætti í grunnskólum. Það er unnið í nánu samstarfi við háskólasamfélagið og getur stutt við framþróun kennsluhátta í grunnskólum borgarinnar, en einnig verður til dýrmæt reynsla í hönnun skólasafna 21. aldar skóla.	8.000.000	Grunn og frí	4.000.000

	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Markmið verkefnis	Upphæð umsóknar	Leik-grunn-fri	Samþykkt styrkuppþæð
11	Fristundamiðstöðvarnar Tjörnin, Brúin, Kringlumýri og Miðberg ásamt öllum félagsmiðstöðvum í Reykjavík, Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkur, skrifstofa frístundamála SFS, Samtökin 78	Skjól í stormi - Framhaldsverkefni	Samstarfsverkefni frístundamiðstöðvanna Tjarnarinnar, Brúarinnar, Kringlumýrar og Miðbergs ásamt Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, fagskrifstofu frístundamála og Samtakanna 78. Verkefnið snýr að vinnu með 13-16 ára trans börnum en rannsóknir síðustu ára hafa itrekað sýnt fram á að ungir trans einstaklingar eru í miklum áhættuhópi fyrir ýmsa sálræna kvilla og fylgifiska. Markmið verkefnisins er að nýta kraft, þekkingu og færni innan félagsmiðstöðva til að hlúa að þessum hópi ungmenna, byggja hann upp og styrkja til frambúðar til að takast á við og standa af sér þann storm sem skekur samfélagið bæði á Íslandi og um heim allan og þær áskoranir sem fylgja auknum fordómum gagnvart þessum hópi fólks.	6.850.000	fri	4.000.000
12	Vesturmiðstöð, Grandaskóli, Vesturbæjarskóli, Hagaskóli, Menntavísindasvið HÍ, Miðstöð útvistar og útináms (Siglunes) og Borgarsögusafn Reykjavíkur (Sjóminjasafnið og Viðey), Slysavarnarskóli sjómanna, Hafrannsóknarstofnun, Faxaflóahafnir, Tækniskólinn og Náttúruminjasafn Íslands	Skólaskip - fræðsluverkefni um hafið og sjósókn	Skólaskip er fræðsluverkefni um siglingar, hafið og sjósókn sem er í þróun hjá Vesturmiðstöð í Reykjavíkurborg frá skólaárinu 2025-26. Verkefnið miðar að því að gefa börnum og ungmennum tækifæri til að kynnast hafinu af eigin raun, öðlast innsýn inn í tækifærin sem nánd við hafið býður upp á og tengjast sterkari böndum náttúru, umhverfi, atvinnuháttum og menningararfi. Verkefnið er unnið í breiðu samstarfi skóla, stofnana, félagasamtaka og einstaklinga sem taka nú höndum saman og efla aðgengi barna að fræðslu um hafið og haftengdum upplifunum.	8.000.000	Grunn	6.000.000
13	Fellaskóli, Leikskólinn Holt, Leikskólinn Ösp og Menntavísindasvið Háskóla Íslands	Málþroski og læsi - að virkja þátttöku foreldra - Framhaldsverkefni	Markmið verkefnisins er að jafna tækifæri barna til náms, auka grunnfærni til að styrkja lestrarnám og styrkja um leið sjálfsmynd barnanna og foreldra þeirra. Margir foreldrar hafa ekki góð tök á íslensku og eru jafnvel enn að óska eftir túlkum í viðtölum þrátt fyrir að hafa búið á Íslandi í fjöldamörg ár. Við viljum efla foreldrafræðslu og ná betur til foreldrahópsins jafnt og þétt yfir veturinn til þess að styrkja þau í þátttöku í íslenskunámi barna sinna.	6.000.000	Grunn og leik	4.000.000
14	Suðurmiðstöð, Norðurmiðstöð, Austurmiðstöð, Vesturmiðstöð, Skólastjórnendur í öllum miðstöðum	Markvisst innra mat	Markmið verkefnisins er að efla lærdómssamfélag með faglegri fræðslu, handleiðslu og stuðningi fyrir stjórnendur og innra mats teymi með góðum faglegum stuðningi, skýrri innleiðingu og markvissri upplýsingaöflun. Slíkt byggir undir ígrundun stjórnenda/kennara og leiðir til faglegra innra mats og aukinna gæða í skólastarfi í takti við farsæld barna og framþróun skólastarfs.	8.000.000	Grunn	4.000.000
			Samtals	91.050.000		50.000.000